

Fundargerð

17. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.
6. desember 2022 klukkan 10:30 í fundarsal Skipulagsstofnunar, Eldgjá.

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Þorleifsdóttir (ÁP), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Gauti Jóhannesson (GJ), Hjalti Jón Guðmundson (HJG), Hreinn Hrafnkelsson (HH), Jón Björn Hákonarson (JBH) og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir (EHP).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJd), sem ritaði fundargerð. Ottó Björgvin Óskarsson (OBÓ) lögfræðingur og Ólafur Árnason (ÓÁ) forstjóri Skipulagsstofnunar voru viðstaddir fyrsta lið fundar.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Umræður um minnisblað Skipulagsstofnunar um frestun á ákveðnum svæðum strandsvæðisskipulags.

ÓÁ og OBÓ greindu frá minnisblaði dags. 2. desember 2022, um frestun skipulags og svöruðu spurningum svæðisráðs um einstaka atriði þess.

2. Afgreiðsla á endanlegri tillögu að strandsvæðisskipulagi Austfjarða skv. 13. gr. laga nr. 88/2018

Farið var yfir tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við umsögnum sem bárust í kjölfar auglýstrar tillögu að Strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022 og þeim breytingum sem gerðar verða á auglýstri tillögu vegna ábendinga og athugasemda sem bárust.

Umræður voru í svæðisráði um einstaka viðbrögð við umsagnir og þær breytingar sem þær hafa á skipulagstillögunum.

Svæðisráð samþykkir að gera breytingar á auglýstri tillögu í samræmi við viðbrögð við umsögnum. Svæðisráð felur Skipulagsstofnun að gera samþykktar breytingar á skipulagstillögunni og umhverfismatsskýrslu, og senda innviðaráðherra til staðfestingar skv. 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Við afgreiðslu tillögunnar komu fram eftirfarandi bókanir:

Bókun fulltrúa Múlapings (EHP) um reiti fyrr staðbundna nýtingu í Seyðisfirði.

„Ég, Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, fulltrúi Múlapings í svæðisráði Austfjarða og íbúi á Seyðisfirði, get ekki samþykkt að reitir SN1, SN2 og SN3 verði teknir undir staðbundna nýtingu í Seyðisfirði. Æskilegra væri að þeir yrðu skilgreindir í flokki almennrar nýtingar, eða að öðrum kosti yrði skipulag fyrir umrædda reiti frestað. Fyrir því eru nokkrar ástæður sem hér eru taldar upp:

El
HJG
EHP
HJG
EHP

- Haldið hefur verið fram að um umsókn Fiskeldis Austfjarða um fiskeldi í Seyðisfirði eigi að gilda eldri ákvæði laga nr. 71/2008 varðandi umsóknir um fiskeldi, en í bráðabirgðaákvæði II laga nr. 101/2019 segir eftirfarandi:

Um meðferð og afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á hafsvæðum sem hafa verið metin til burðarþols og þar sem málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lokið fyrir gildistöku þessa ákvæðis eða frummatsskýrslu hefur verið **skilað** fyrir gildistöku þessa ákvæðis til Skipulagsstofnunar skv. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, fer eftir eldri ákvæðum laganna.]²⁾

²⁾L. 101/2019, 24. gr.

Frummatsskýrsla um eldi í Seyðisfirði er dagsett 2. nóvember 2020 og af því leiðir að umrædd umsókn skal taka mið af þeim lagabreytingum sem áttu sér stað með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt þessu falla umræddar leyfisumsóknir ekki undir sömu skilmála og þar sem útgefin leyfi eru til staðar.

Auk þess má benda á að í upphaflegri umsókn FA um eldi í Seyðisfirði tekur ekki til sömu svæða og hefur verið um fjallað á síðari stigum sem eykur enn vafa á því hvort að bráðabirgðaákvæði II í fiskeldislögum eigi við um þær leyfisumsóknir sem eru til umfjöllunar firðinum.

- Burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar fyrir Seyðisfjörð fór upphaflega ekki í umhverfismat áætlana eins og þó hefur síðar verið úrskurðað að sé rétt að gera og þar með ekki í almennt kynningarferli þar sem óskað væri eftir athugasemdum um áform um fiskeldi í Seyðisfirði. Hægt er að segja að vissir aðilar hafi litið svo á að eftir að burðarþol sé samþykkt sé búið að marka stefnu um að fiskeldi verði til staðar á viðkomandi stað og því skýtur skökku við að almenningi og öðrum hagsmunaaðilum hafi ekki verið boðið að koma með athugasemdir strax í upphafi þegar stefnan var mörkuð.
- Þrátt fyrir að í regluverki sé ekki nægilega skýrt kveðið á um hvort helgunarsvæði fjarskiptastrengja eigi við þegar kemur að sjókvíum þá tel ég rétt að meðan svo er, sé rétt að láta strenginn og fjarskiptaöryggi landsins njóta vafans og bíða þar til búið er að breyta regluverkinu til að það taki til nýs veruleika með stórauðnu fiskeldi á vissum svæðum í kringum landið.
- Skipulagsferli snýst um samráð við hagsmunaaðila og nærsamfélag. Sá fjöldi athugasemda sem barst við auglýstri tillögu um strandsvæðaskipulag Austfjarða, sem í miklum meirihluta fjölluðu um og lýstu andstöðu við fyrirhugað fiskeldi í Seyðisfirði gerir, að mínu mati, skýra kröfu til svæðisráðsins að hlusta á og taka tillit til þeirra sjónarmiða.
- Ljóst er að talsverðir hagsmunaárekstrar verða við ferðaþjónustu, síaukinni skipaumferð, fræðastarfsemi og ímynd staðarins sé áformum um fiskeldi í firðinum haldið til streitu. Í forsendum í greinagerð strandsvæðaskipulagsins segir: „Gætt verði að samræmi í stefnu um nýtingu og vernd á strandsvæði Austfjarða og skipulagi sveitarfélaga og leitast við að draga úr árekstrum ólíkrar nýtingar og verndar.“ Finnst mér svæðisráð verða að hafa þetta í huga við ákvörðun sína um reiti til staðbundinnar nýtingar í Seyðisfirði, í ljósi þeirrar miklu andstöðu sem fiskeldisáform hafa mætt þar.

Handwritten notes and signatures on the right side of the page, including the name 'EHS' and other illegible marks.

- Við vinnu Starfshóps um öryggi siglinga var ekki rætt við hafnaryfirvöld á Seyðisfirði né skipstjórnarmenn þar þegar ákvörðuð var breidd siglingarleiðar og því leyfi ég mér, eftir að hafa rætt við nokkurn fjölda staðkunnugra sjómanna, að setja fyrirvara um þá lágmarksbreidd siglingarleiðar sem starfshópurinn tiltók í sinni vinnu. Seyðisfjörður er mjög þröngur fjörður með mikla skipaumferð og því er rétt að stíga varlega til jarðar við allar aðgerðir sem þrengja siglingaleiðina.
- Landeigendur og/eða rekstraraðilar sem eiga land að Selstaðavík og Skálanesbót hafa lýst yfir andstöðu sinni við áform um fiskeldi, bæði þegar frummatsskýrsla var kynnt og síðar á öðrum vettvangi og telja að það geti haft neikvæð áhrif á starfsemi sína og rekstur.
- Á a.m.k. einum reitnum, SN2 – Selstaðavík, er ljóst að töluverð hættu er af ofanflóðum og hefur Veðurstofan bent á þá hættu og lög sem snúa að nýrri starfsemi á skilgreindum hættusvæðum. Á meðan regluverk ofanflóða tekur ekki til fiskeldisstarfsemi ætti ekki að úthluta þeim reit til uppbyggingar atvinnustarfsemi með aukinni vá og mengunarhættu.

Að framansögðu áréttá ég því andstöðu mína við að reitir SN1, SN2 og SN3 í Seyðisfirði séu ætlaðir undir staðbundna nýtingu í strandsvæðisskipulagi og legg til að þær flokkist til almennrar nýtingar.“

Bókun fulltrúa matvælaráðuneytisins (HJG) um að MAR draga til baka þá þeirri bókun sem ráðuneytið kom á framfæri á síðasta fundi svæðisráðs, með vísun í minnisblað Skipulagsstofnunar um frestun skipulags.

„Með vísunar til minnisblaðs Skipulagsstofnunar, dags. 2. desember 2022, þar sem fram kemur álit Skipulagsstofnunar að frestun á ákveðnum svæðum innan strandsvæðisins geti valdið bótaskyldu, fellur matvælaráðuneytið frá tillögu sinni um að fresta þeim svæðum sem færð voru til bókunar vegna aukafundar svæðisráðs, dags. 28. nóvember 2022, enda er stofnuninni ætlað að vera með sérfræðipækkingu á málefnum þessum.

Þess í stað situr matvælaráðuneytið hjá varðandi afgreiðslu á umræddum svæðum sem fjallað var um í bókun ráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2022.“

Bókun fulltrúa ráðherra orkumála (HH):

„Tekið er undir þau álitamál sem sett eru fram í bókun matvælaráðuneytisins, en með hliðsjón að niðurstöðum Skipulagsstofnunar um áhrif skipulagsins á útgæfin leyfi er tillagan samþykkt en bent á að það er á ábyrgð innviðaráðuneytis að framfylgja lögum um vitamál og bregðast við tillögum um mótvægisáðgerðir.“

3. Önnur mál

Skipulagsstofnun gerði grein fyrir næstu skrefum en uppfærð tillaga verður send ráðherra til staðfestingar. Ráðherra hefur 12 vikur til að yfirfara tillöguna. Að því gefnu að ráðherra telur ekki vera form- eða efnisgalla á tillögunni kemur svæðisráð ekki saman fyrr en staðfest tillaga verður undirrituð.

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]

[Handwritten signature]


[Handwritten signature]


[Handwritten signature]

Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 14:00

Undirritun fundargerðar:



Magnús Jóhannesson


Ásta Þorleifsdóttir



Eydis Ásbjörnsdóttir


Elfa Hlín Pétursdóttir


Gauti Jóhannesson


Hjalti Jón Guðmundson


Hreinn Hrafnkelsson


Jón Björn Hákonarson